

Alþingi
Erindi nr. P 130/2338
komudagur 6.5. 2004

Samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí mars 2004

Umsögn um frumvörp til breytinga á lögum um loftferðir, 945. mál og frumvörp til breytinga á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 947. mál.

Árleg hækkun verður 170-200 milljónir fyrir flugrekstur

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreind frumvörp til umsagnar og lýsa sig alfarið á móti þeim kostnaðarhækkunum sem þar eru lagðar til.

Vegna dóms ESA um jafnræði í farþegasköttum í innanlandsflugi og millilandaflugi er ljóst að gera þarf breytingar á reglum um farþegaskatta en þær breytingar áttu ekki að leiða til aukinna álaga á flugrekstur í landinu.

Umræddar breytingar á farþegasköttum leiða til kostnaðarauka að upphæð 70 milljónir fyrir innanlandsflugið og veikir þar af leiðandi samkeppnisstöðu þess. Breytingar á farþegasköttum leiða ekki til hækkana fyrir millilandaflug. Aftur á móti verða hækkunir skv. frumvörpunum á lendingargjöldum og öryggisgjöldum í millilandaflugi að upphæð kr. 100-130 milljónir á ári. Óhjákvæmilega verður þessum kostnaðarauka velt til ferðamanna, jafn innlendra sem erlendra. Samkeppnisstaða íslenskrar ferðaþjónustu mun að sjálfsögðu skerðast að sama skapi.

Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla því harðlega að enn á ný skuli íslensk stjórnvöld íþyngja þeirra atvinnugrein sem hefur hvað mesta vaxtarmöguleika fyrir íslenskt atvinnulíf. Með því er afkomu fyrirtækja í greininni stefnt í hættu sem og sérhæfðum störfum fjölmargra einstaklinga. Sérstaklega er það slæmt að stjórnvöld skuli skjóta sér að bak við dóm EFTA dómstólsins til að réttlæta auknar álögur á flugrekstur í landinu. Dómurinn laut að formi farþegaskatta en átti ekki að þýða auknar álögur.

Það er sérstaklega umhugsunarvert að þessar auknu álögur ganga þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að íslenskri ferðaþjónustu verði sköpuð sambærileg rekstrarskilyrði og í samkeppnislöndunum. Þessar nýju álögur munu ganga í þveröfuga átt verði þær að veruleika.

Einnig er ástæða til að lýsa áhyggjum yfir stjórnsýslu Keflavíkurflugvallar. Á sama tíma og Flugstöð Leifs Eiríkssonar er rekin með miklum hagnaði er stofnað til stóraukinna gjalda til að fjármagna rekstur flugvallarins. Stjórn flugvallarins virðist vera í höndum margra embætta sem oft virðast ekki samstíga í athöfnum sínum og í litlum tengslum við yfirstjórn flugmála í landinu. Á sama tíma og lagt er til að hækka

kostnað á fyrirtækin til þess að fjármagna rekstur á dýru flugvallakerfi hlýtur að vera kominn tími til að endurskoða tvöfalt flugstjórnarkerfi í landinu, sem ekki þekkist í nágrenni okkar þrátt fyrir tilvist herflugvella.

Samtök ferðaþjónustunnar fara þess á leit að fá að hitta nefndina og skýra frekar sjónarmið ferðaþjónustunnar í þessu mikilvæga máli.

Virðingarfyllt
F.h Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri